

Sþ.

31. Fyrirspurnir.

[30. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um skipulag loðnulöndunar.

Frá Helga Seljan.

Hvað hyggst sjávarútvegsráðherra gera til þess að koma í veg fyrir, að loðnuaflinn á komandi vetri dreifist þannig á löndunarhafnir, að útgerðarstaðir á sunnanverðum Austfjörðum verði afskiptir með öllu vegna stöðvunar veiða eða takmörkunar á heildarafla?

II. Til fjármálaráðherra um lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni.

- a) Hefur farið fram endurskoðun á 3. gr. laga um tollskrá o. fl., 27. lið, er lýtur að lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja?
- b) Ef svo er, má þá vænta þess, að lagt verði fyrir Alþingi nú frv. um breytingar á þessu ákvæði laga um tollskrá o. fl. — og í hverju yrðu þær breytingar fólgnar?